

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/2015****2016/EES/69/39****frá 11. júní 2015****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/431/ESB frá 26. júní 2014 um snið fyrir skýrslugjöf um landsáætlanir til framkvæmdar á tilskipun ráðsins 91/271/EBE ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarákvörðunar 2014/431/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/481/EBE ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 13a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/481/EBE) í XX. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32014 D 0431**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/431/ESB frá 26. júní 2014 um snið fyrir skýrslugjöf um landsáætlanir til framkvæmdar á tilskipun ráðsins 91/271/EBE (Stjtið. ESB L 197, 4.7.2014, bls. 77).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2014/431/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 197, 4.7.2014, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 226, 7.9.1993, bls. 23.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.